

Ártúnshöfði

Fornleifaskrá

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 212




Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Ártúnshöfði

Fornleifaskrá

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 212



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:

Grjótnám við Elliðaárvog árið 1944.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-3. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 212

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Saga svæðisins.....	5
1.1 Staðhættir og örnefni	5
1.2 Í landi Ártúns, Árbæjar og Bústaða.....	7
1.2.1 Þjóðleiðin austan Elliðaáa	9
1.2.2 Veiði í Elliðaánum og veiðihúsin	11
1.2.3 Sand- og grjótnám	13
1.2.4 Hernámsárin og herskalahverfi.....	16
1.2.5 Krossamýrarblettir	17
2. Almenn um verndun menningarminja.....	20
3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	22
4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	23
4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á Ártúnshöfða.....	23
Bústaðir 232-7 Veiðihús við Elliðaár	24
Bústaðir 232-22 Elliðaárbrú eystri	25
Bústaðir 232-37 Almenningsvöð.....	26
Bústaðir 232-88 Elliðaárbrú vestari.....	27
Ártún 263-18 Krossamýrarblettur 1, Hvammur	28
Ártún 263-20 Fenton Street Camp - Elliðaárhverfi	29
Ártún 263-21 Beitarhús	30
Ártún 263-22 Fjarskiptastöð.....	30
Ártún 263-33 Krossamýrarblettur 14	32
Ártún 263-43 Krossamýrarblettir 1-15	32
Ártún 263-44 Grjót- og sandnám	33
Ártún 263-45 Mosfellssveitarvegur, Ártúnsbrekka	34
Ártún 263-47 Hús við Elliðaárvog	35
Ártún 263-49 Sorpeyðingarstöðin	36
Árbær 262-46 Gata.....	36
Ártún 262-48 Trönur	37
Árbær 262-50 Vegur	37
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	38
Fornleifar á skráningarsvæðinu	39
Yngri minjar á skráningarsvæðinu	39

Herminjar.....	39
Menningarmerkingar, tillögur	39
5. Heimildir	40
Viðauki 1	43
Minjatafla	43
Minjakort.....	44

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Ellidaárvogur við Ártúnshöfða“¹ sem er rammaskipulagssvæði sem tekur til svæðis við Ellidaárvog og Ártúnshöfða í Reykjavík.² Svæðið afmarkast til suðurs af Miklubraut / Vesturlandsvegi, til vesturs af Ellidaárvogi, til norðurs af Grafarvogi og til austurs af Gullinbrú / Höfðabakka, sjá mynd 1.³ Skráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs.

Áður lá fyrir greinargerð um skráningu á svæðinu frá árinu 2006, *Rammaskipulag Ellidaárvogs, fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*.⁴ Nú er sú skráning endurskoðuð miðað við kröfur um skráningu fornleifa fyrir gerð deiliskipulags í samræmi við ákvæði í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.⁵ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2633**. Vettvangsrannsókn fór fram 12. apríl, 19. apríl og 25. ágúst 2021. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.⁶

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðhättum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

September 2021

María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Rammaskipulag: Ellidaárvogur – Ártúnshöfði. *Ellidaárvogur við Ártúnshöfða*. Dags. 11.01.2017.

² Ártúnshöfði – uppbygging hverfis. Sótt 23.08.2021 af <https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/artunshofdi-uppbygging-hverfis>

³ Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulagssvæða á Ártúnshöfða við Ellidaárvog (svæði 1-3), https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/ellidaarvogur_artunshofdi_svaedi_1_lysing.pdf, <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ellidaarvoguratunshofdi-svaedi-2>, https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/ellidaarvogur_artunshofdi_svaedi_3_lysing.pdf.


⁴ Anna Lís Guðmundsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir: *Rammaskipulag Ellidaárvogs, fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2006.

⁵ Minjastofnun Íslands. Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-ecc0e082284b>

⁶ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1. Saga svæðisins

Til umfjöllunar er skipulagssvæði sem tekur til Ártúnshöfða í Reykjavík. Svæðið afmarkast til suðurs af Miklubraut / Vesturlandsvegi, til vesturs af Elliðaárvogi, til norðurs af Grafarvogi og til austurs af Gullinbrú / Höfðabakka, sjá afmörkun á mynd 1.



Mynd 1. Ártúnshöfði, afmörkun deiliskipulagssvæðisins er með svartri brotalínu.⁷


1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem nú er skilgreint sem *Ártúnshöfði* tilheyrði áður að mestu tveimur bújörðum. Landið á vestanverðum höfðanum tilheyrði Ártúni en austar var land Árbæjar, sjá mynd 2.


Svæðið einkennist af holtum og ásum, mýrum og fornum ísaldareyrum sem nú eru sundurgrafnar vegna malarnáms. Svæðið er að mestu byggt, en við Elliðaárvog og Grafarvog eru miklar landfyllingar.

Fyrir botni Elliðaárvogs eru ósar *Elliðaánna* sem renna nú eftir manngerðum rásum til sjávar. Á tímabilinu 1965-1975 voru gerðar miklar uppfyllingar á svæðinu svo að ásýnd og náttúra *Elliðaárósa* breyttist mjög. Við framkvæmdirnar urðu til tveir flatlendir tangar eða nes og er það eystra kallað *Geirsnef* en á vestari fyllingunni er gatan *Naustavogur* og smábátahöfn Snarfara. Þröngur vogur sem myndaðist vestan uppfyllinganna hefur verið

⁷ Borgarvefsjá. Vefslóð: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>



Mynd 2. Landamerki lögbýlanna eins og þau voru árið 1703. Skástrikuð svæði eru uppfyllingar.⁸



Mynd 3. Örnefni í gamla bæjarlandinu á Ártúnshöfða.⁹

⁸ Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og Lögbýli í Rvk. 1703.

⁹ Kort af Reykjavík 2021 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1). Einar S. Arnalds og Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir.

kallaður *Arnarvogur*.¹⁰ Austast er svo þriðja stóra uppfyllingin landföst, á henni er gatan *Sævarhöfði*, en götunöfn á Ártúnshöfða enda öll á -höfði. Áður en þessar landfyllingar voru gerðar voru þarna miklar leirur og þar sem land og leirur mættust voru kallaðir *Árkjastar*. Þar voru neðri veiðihúsin, sunnan við þau voru *Almenningsvöð*, neðstu vöðin yfir Elliðaár. Sagt er að Elliðaár og Elliðaárvogur dragi nöfn sín af skipi Ketilbjörns gamla landnámsmanns, *Elliða*.¹¹

Norðan og austan er *Grafarvogur*. Þar er líka mikil landuppfylling og á henni var *Bryggjuhverfið* byggt. Svæðinu hallar til vesturs (*Ártúnsbrekka*) að *Elliðaánum* frá gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegar. Austan við Sævarhöfða voru gamlar malarnámur og norðar grjótnámur, sjá kafla 1.2.3. Það land er að mestu allt raskað.

Norðan á höfðanum við Grafarvog er *Ytriurð*, hár grjótbakki sem liggur niður að uppfyllingunni út í vögin og austan við Gullinbrú er *Innriurð*, neðan og norðan við Stórhöfða. *Krossamýri* var stór mýrarfláki á miðjum Ártúnshöfða þar sem nú er Breiðhöfði. Þar voru *Krossamýrarblettir*. Afrennsli frá mýrinni var til vesturs um *Krossagil* í Elliðaárvog. Austar á svæðinu var *Jörfi* og *Borgarmýri* við Vesturlandsveg (sjá mynd 3).¹²

1.2 Í landi Ártúns, Árbæjar og Bústaða

Svæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði að mestu tveimur jörðum: *Ártúni* og *Árbæ*. Jarðirnar voru lagðar til Viðeyjarklausturs sem var stofnað árið 1226, en klaustrið hafði mikil stjórnsýsluleg völd meðan það var starfandi. Við siðaskiptin 1550 yfirtók Danakonungur allar eignir klaustursins. Konungur seldi síðan jarðirnar árið 1838 og komust þær þá í einkaeigu.¹³

Austan við eystri Elliðaárkvíslina var jörðin *Ártún*, en um kvíslina lágu sveitarfélagsmörk til ársins 1929.¹⁴ Bæjarstæði Ártúns er á háum hól vestan undir Ártúnsbrekkunni. Jarðarinnar Ártúns er ekki getið í Íslenzku fornbréfasafni en menn hafa getið sér þess til að jörðin *Árland neðra*, sem getið er um í Vilchinsbók frá 1379, þá eign kirkjunnar í Nesi, og í Gíslamáldaga frá 16. öld, sé umrædd jörð.¹⁵ Ártún var lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar.¹⁶

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jarðirnar Ártún, Árbæ og Breiðholt, ásamt hluta úr Gröf, vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda, því fyrstu hugmyndir

¹⁰ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304. – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort bls. 175.

¹¹ Jakob Benediktsson: *Íslendingabók – Landnámaabók. Íslenzk fornrit I*, bls. 120-121.

¹² Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 175 og 180, Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).

¹³ Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.

¹⁴ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 318-320.

¹⁵ *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IV*, bls. 109 – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn XVI*, bls. 637.

¹⁶ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 84.

gengu út á að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík. Á árunum 1920-1921 voru Elliðaárnar virkjaðar og mannvirki Elliðaárvirkjunar reist sunnan við Ártún.

Austur af Ártúni var jörðin *Árbær*. Gömlu bæjarhúsin eru nú innan safnsvæðis Árbæjarsafns, en jörðin lá upp með Elliðaánum og í norður að Grafarvogi.

Elsta heimild um Árbæ er í skjali frá 31. júlí 1464. Þar votta Steinmóður ábóti í Viðey og Jón Narfason að Ólöf ríka Loptsdóttir hafi látið Gerrek gullsmið í Hafnarfirði fá silfur sem greiðslu fyrir jarðir Guðmundar Arasonar, sem hún og hennar maður Björn Þorleifsson höfðu keypt af konungi, en Gerrekur átti að koma silfrinu til konungs fyrir þeirra hönd.¹⁷ Vitað er að búið hefur verið í Árbæ frá 10. öld, eins og fornleifarannsóknir á bæjarstæði Árbæjar hafa leitt í ljós.¹⁸

Síðustu ábúendur í Árbæ voru hjónin Margrét Pétursdóttir og Eyleifur Einarsson sem bjuggu þar frá 1881 og dóttir þeirra Kristjana, sem tók við búinu árið 1935 og bjó þar til 1948, en þá fór bærinn í eyði. Í tíð Margrétar og Eyleifs var fjölsótt greiðasala í Árbæ, með svipuðu móti og áður hafði verið í Ártúni.¹⁹ Saga Árbæjar, eins og Ártúns, er einnig samofin nýtingu Elliðaánna. Eins og áður segir keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jörðina ásamt Ártúni og fleiri jörðum árið 1906 vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda og árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær báðar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.



Mynd 4. Kristján X. Danakonungur við laxveiðar við Sjávarfoss í Elliðaánum. Til vinstri sést býlið Ártún og fyrir miðju þakið á Elliðaárstöðinni.²⁰

¹⁷ *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn V*, bls. 430-431.

¹⁸ Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2016*, bls. 6.


¹⁹ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 63 og 84.

²⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0584. Ljósmyndari Ólafur Magnússon.

Svæðið sem nú er til úttektar, Ártúnshöfði, var áður notað til beitar og þar var mór tekinn úr mýrum. Beitarhús (263-21) voru nyrst á Ártúnshöfða þar sem nú er Eirhöfði 11. Þessi rúst er nú horfin en var mæld inn á gömul kort, auk þess sem hún sést á loftmynd frá árinu 1946, sjá mynd 5 og 6.



Mynd 5. Beitarhús (263-21) þar sem nú er Eirhöfði 11.²¹



Mynd 6. Tóft beitarhússins (263-21) við grasblett. Aðeins sunnar (ofar á myndinni) er gerði og braggi sem tilheyrði fjarskipastöðinni (263-22). Horft í suður.²²

1.2.1 Þjóðleiðin austan Elliðaáa

Vegna legu í bæjarlandinu hafa þjóðleiðir og síðar umferðaræðar sett svip sinn á sunnanvert svæðið. Vegna þess hve mýrarnar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var greiðasta leiðin frá kaupstaðnum um holtin. Elst var þjóðleiðin sem lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og Bústaðarholt, yfir vaðið á Elliðaám sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin í þrennt samkvæmt korti frá árinu 1831, sjá mynd 7.



Mynd 7. Þjóðleiðin er merkt inn á kort frá árinu 1831 og lá norðan við Bústaði yfir Elliðaár, á vaði sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt.²³

²¹ Borgarvefsjá: Loftljósmynd frá árinu 2020 og staðsetning beitarhúsa.

²² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. Ljósmyndari óþekktur. 15. júlí 1946, loftmynd af Reykjavík.

²³ Landsbókasafn Íslands: Íslandskort: Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nokkrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.

Ein leiðin lá fyrir botn Grafarvogs að Keldum, Gufunesi og Korpúlfsstöðum en Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, leysti þessa leið af. Önnur lá að Reynisvatni og áfram til Þingvalla, en sú þriðja frá Árbæ austur að Hólmi, sem síðar varð Suðurlandsvegur.²⁴



Mynd 8. Gamla Elliðaárbrúin (323-22) yfir eystri kvíslina, sem var byggð 1883.²⁵

Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða *Suðurlandsbraut* (núverandi Suðurlandsbraut). Í framhaldi af brúnum voru lagðir tveir vagnavegir, forverar Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, sjá mynd 9. Þessir vegir komu í stað fornu þjóðleiðirnar/slóðana sem lágu á milli bæja (svartar einfaldar línur á korti).²⁶ Upp og austur af eystri brúnni yfir Elliðaár (323-22) lá Mosfellssveitarvegur (263-45), nú vestasti hluti Bíldshöfða, upp Ártúnsbrekkuna og áfram í austur, sem síðar varð Vesturlandsvegur. Hin leiðin (263-42) lá suður hjallana austan við Ártún að Árbæ og austur þar sem nú er Rofabær, áður Suðurlandsvegur, að Rauðavatni.


Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar. Gömlu, hlöðnu stólparnir voru notaðir áfram en hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfín voru líka steipt og handrið úr járn fest í steipta stólpa. Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru brýrnar endurnýjaðar, þá voru brýrnar steiptar að mestu og gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð ný á móts við þá eystri og við það fór hlykkurinn af veginum.²⁷ Eystri brúin var auk þess rétt af. Gamla og nýja brúin sitja á sama stöpli, en gamli hlutinn er nú notaður sem göngubrú.

²⁴ Landsbókasafn Íslands: Íslandskort: Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nøckrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.

²⁵ Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-2015-319-4. Ljósmyndari óþekktur.

²⁶ Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

²⁷ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.



Mynd 9. Vegir og slóðar á svæðinu árið 1909. Þá lágu frá eystri brúnni yfir Elliðaár (323-22) tveir vagnavegir (tvöfaldar línur), forverar Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur. Þessir vegir komu í stað fornu þjóðleiðina/slóðana sem lágu á milli bæja (svartar einfaldar línur).²⁸

1.2.2 Veiði í Elliðaánum og veiðihúsin

Árið 1853 keypti Ditlev Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, Ártún og Bústaði af Danakonungi, ásamt þeim veiðiréttindum Elliðaáa sem fylgdu jörðunum. Thomsen þurfti að borga töluverða fjárhæð fyrir veiðiréttindin og til að hafa upp í þann kostnað hóf hann að veiða lax af miklum krafti.




Mynd 10. Við ósa Elliðaánna við Elliðaárdvog. Þarna sjást neðri veiðihúsin fjögur og leirurnar norður af þeim. Fjær til vinstri sést Geldinganes, en fyrir miðju er Gufuneshöfði og Ártúnshöfði til hægri. Esjan í fjarska.²⁹

²⁸ Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

²⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 945. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, um 1905-1920.

Tók hann það ráð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og setja þar fjórar laxakistur. Með þessum hætti náði Ditlev Thomsen, og síðar sonur hans H.Th.A. Thomsen, miklum afla á land en erfiðlega gekk þá að veiða laxinn ofar í ánni þar sem aðrir höfðu veiðiréttindi. Upp frá þessu spruttu mikil málaferli og deilur sem stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á korti frá 1874 má sjá hús í árhólmanum niður við ósana. Talið er að þarna hafi fiskgeymsluhús Thomsens verið. Laxakisturnar voru þar skammt frá og hefur verið hægst að flytja laxinn sjóleiðina með bát til Reykjavíkur. Eftir öll málaferlin í kringum Elliðaánnar bauð Thomsen Reykjavíkurbæ að kaupa sinn hlut í ánum árið 1885 en bæjarstjórnin afþakkaði einum rómi. Árið 1897 seldi Thomsen breskum manni, H.A. Payne, sinn hlut og þá hófst tími stangveiða í Elliðaánni sem stendur enn. Payne lét byggja veiðihús þar sem fiskgeymsla Thomsens stóð áður og var veiðihúsið mönnum til afnota í nokkra áratugi.³⁰



Mynd 11. Hluti af korti frá 1924 sem sýnir neðsta hluta Elliðaánnar þar sem neðri veiðihúsin voru og strandlínuna áður en uppfyllingar hófust. Fyrir miðri mynd er gamli vagnavegurinn sem var notaður til 1941.³¹

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaánnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni, og eignaðist bærinn þannig allan veiðirétt í ánum. Breskir veiðimenn


³⁰ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaánnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.

³¹ Borgarsögusafn: Kortasafn: Rafmagnsstöð Reykjavíkur, landslag við aflstöð, 6. maí 1924.

munu hafa haldið áfram að leigja Elliðaárnar fram að fyrri heimsstyrjöld en eftir það tóku íslenskir veiðimenn við. Árið 1925 fól bærinn Rafmagnsveitu Reykjavíkur umsjón með Elliðaánum, en frá því að Stangveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939 hefur það haft Elliðaárnar á leigu.³²

Á korti frá árinu 1924 (mynd 11) eru veiðihúsin fjögur og hlaðinn flóðvarnargarður um þrjú syðstu húsin. Syðsta veiðihúsið var flutt að Árbæjarstíflu um 1930 og gert að stífluhúsi þar (262-39). Þetta hús er líklega eitt af tveimur veiðihúsum sem H.A. Payne lét byggja, en annað eins hús var efra veiðihúsið og stóð rétt ofan við Vatnsveitubruna (218-30).

1.2.3 Sand- og grjótnám



Mynd 12. Sand- og grjótnám við Elliðaár- vog norðan við Mosfellssveitarveg, 1941.³³



Mynd 13. Sand- og grjótnám við Elliðaár- vestan við Krossamýrarbletti, 1947.³⁴

Með aukinni þörf á byggingarefni voru opnaðar sand- og malarnámur í landi Ártúns upp úr 1929.³⁵ Tekin var mól úr gömlu ísaldaráreyrunum sem voru neðst í Elliðaárdal þar sem nú eru jarðhúsin við Ártúnsbrekkuna og á Ártúnshöfða við Elliðaár- vog, sjá mynd 12 og 13.

Seinna, eða um 1940, var opnað grjótnám nyrst við Ártúnshöfða eða norðan við Krossagil. Þær námur tóku við af grjótnámunni á Rauðarárholti sem var lokað endanlega 1945. Gömlu grjótmulningsvélarnar voru þá fluttar í námuna við Elliðaár- vog auk þess sem nýjar vélar voru fluttar inn frá Ameríku.³⁶ Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti. Grjót var síðar einnig flutt á vögnum frá grjótnámi í Selási í

³² Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-90.

³³ Landmælingar Íslands: Hluti úr korti Reykjavík – Hafnarfjörður, Geographical Section, General Staff. N°4186. Published by War Office, 1941.

³⁴ Hluti af korti frá 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.


³⁵ *Morgunblaðið*, 23.2.1929, bls. 2.

³⁶ *Vísir*, 11.02.1942, bls. 1. *Morgunblaðið*, 8.12.1925, bls. 5. *Lesbók Morgunblaðsins*, 2.12.1945, bls. 599.

grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða.³⁷ Í malarnámunni við Elliðaárvog risu síðar Steypustöð og Malbikunarstöð.



Mynd 14. North West-vélskófla í grjótnámunni við Elliðaárvog.³⁸



Mynd 15. Ný grjótmulningsvél sem tekin var í notkun árið 1944.³⁹



Mynd 16. Verkamenn við störf í grjótnámunni við Ártúnshöfða árið 1944, fjær sjást sandnámurnar.⁴⁰

³⁷ *Visir*, 11.08.1965, bls. 8.

³⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-2. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.

³⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 1-1. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.

⁴⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-3. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.



Mynd 17. Grjótmulningsvél við grjótnám bæjarins í Ártúnshöfða árið 1945.⁴¹



Mynd 18. Malarnámur voru við jarðhúsin og þar sem Steypustöðin og Malbikunnarstöðin risu á Ártúnshöfða. Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, liggur þvert yfir kortið og Krossamýrarvegur, síðar Breiðhöfði, frá honum í norður og syðst er Suðurlandsvegur. Hluti af korti frá árinu 1956.⁴²

⁴¹ Lesbók Morgunblaðsins, 2.12.1945, bls. 597.

⁴² Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.

1.2.4 Hernámsárin og herskálahverfi

Á hernámsárunum risu nokkur braggahverfi í og við Elliðaárdal og á Ártúnshöfða.⁴³ Norðan við bæjarstæði Ártúns var herskálahverfið *Camp Battle*, einnig nefnt *Camp Ártún* (263-38).⁴⁴ Skammt vestur af jarðhýsunum við Ártúnsbrekku var herskálahverfið *Camp Hickam* (263-17) þar sem Bandaríska setuliðið reisti höfuðstöðvar ratsjárliðs.⁴⁵ Norðan við Ártúnsbrekku var *Fenton Street Camp* (263-20), þar sem nú er Sævarhöfði 2. Á hernámsárunum hafðist þar við undirfylki strandvarna- og/eða loftvarnarskotalið.⁴⁶



Mynd 19. Horft yfir Krossamýrarbletti á loftmynd sem tekin var 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex loftskeytamöstur og nokkra bragga sem hýstu fjarskiptastöðina General Receiving Station, Ártúnshöfði.⁴⁷ Á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og norðar loðdýrahús, en vestan við loðdýraræktina sjást ummerki um grjót- og sandnám bæjarins. Austan við Krossamýrarveg eru íbúðarhús á Krossamýrarblettum 14 og 15. Neðst á myndinni er Mosfellssveitarvegur.⁴⁸

⁴³ Upplýsingar um eftirtalin herskálahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

⁴⁴ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104.

⁴⁵ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

⁴⁶ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

⁴⁷ Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021.

⁴⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir. 6. mars 1946.

Eftir að setuliðið yfirgaf braggana í *Fenton Street Camp* nýttu íslenskar fjölskyldur sér kampinn sem fékk þá nafnið *Ellidaárhverfi* eða *Ellidaárkampur*. Eftir stríð voru þar sex braggar með allt að 38 íbúum þegar flest var. Síðast var búið í Ellidaárkampi 1965.⁴⁹

Norðan við Krossamýrarbletti var fjarskiptastöð *General Receiving Station*, *Artunshofdi*, þar voru sex loftskýtamöstur auk tveggja braggabyrpinga.



Mynd 20. Maður að veiða í Elliðaánum, rétt neðan við vaðið og eystri brúna. Í bakgrunni er herskálahverfið *Fenton Street Camp* (263-20), til hægri er Ártúnsbrekkan og tveir braggar sem tilheyrðu *Camp Hickam* (263-17).⁵⁰

1.2.5 Krossamýrarblettir

Vestan megin á Ártúnshöfða var Krossamýri sem tilheyrði landi Ártúns.⁵¹ Ekki er vitað hvernig nafngift staðarins kom til en leitt hefur verið að því líkum að nafnið hafi á einhvern hátt tengst Viðey og klausturhaldi þar.⁵² Árið 1933 var samþykkt í bæjarráði að úthluta landskikum úr Krossamýri til loðdýraræktar⁵³ og nokkrum árum síðar, frá 1936 til 1938, var löndum þar úthlutað til leigu eða erfðafestu. Löndin voru nefnd Krossamýrar-blettir (sjá mynd 19). Vegur sem lá sunnan við blettina frá vestri til austurs hét þá Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan *Breiðhöfði*. Blettirnir sem úthlutað var í Krossamýri á árunum 1936-1938 voru 15 talsins (sjá mynd 21).

Einn af fyrstu íbúum á Krossamýrarblettum var Jón P. Dungal. Hann fékk leyfi til að reisa einlyft timburhús, tæplega 60 m², á Krossamýrarbletti 1 árið 1936, og fékk það nafnið *Hvammur*. Þar lagði Jón grunninn að trjálundi og ræktaði ýmsar sjaldgæfar plöntur auk rósaræktar.⁵⁴ Jón hlaut viðurkenningu frá Fegrunarfélagi Reykjavíkur árið 1954 fyrir garð sinn, en trjálundur hans er uppistaðan í fyrsta áfanga lystigarðs B.M. Vallár, nú að

⁴⁹ Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>
Leitarorð= Elliðaárhverfi.

⁵⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 015 1-2 1944. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

⁵¹ *Þjóðólfur*, 28.04.1871, bls. 104.

⁵² Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls. 72.

⁵³ *Nýja dagblaðið*, 7.12.1933, bls. 4.

⁵⁴ *Morgunblaðið*, 1.08.1995, bls. 12.

Bíldshöfða 7, sem kallaður er *Fornilundur*.⁵⁵ Norðan við Hvamm, einnig á Krossamýrarbletti 1, var loðdýrarækt, en Sigurður Arnalds auglýsti starfsemina talsvert í dagblöðum og kvaðst meðal annars taka að sér silfurrefi til fòðurs og gæslu. Fyrstu auglýsinguna má finna í dagblaði frá 1936.⁵⁶



Mynd 21. Korti frá 1957 af Ártúnshöfða varpað á núverandi skipulag. Krossamýrarblettur 1 er vestan við Krossamýrarveg, þar sem nú er Breiðhöfði. Austan við Krossamýrarveg voru blettir 2 – 15. Geil á vestanverðum Ártúnshöfða sýnir grjótnámið, en sunnar er hæðótt landslag sem sýnir sandnámið.⁵⁷

Búið var á að minnsta að kosti sex blettum í Krossamýri og voru margir íbúar þar með búskap. Má þar meðal annars nefna Krossamýrarblett 14, en þar bjó Þorkell Einarsson með fjölskyldu sinni í um það bil 20 ár (sjá mynd 22). Þorkell, sem var húsasmíðameistari, reisti einnig trésmíðaverkstæði og hesthús á lóð sinni. Meðfram trésmíðinni rak hann búskap með fáeinar kindur, kýr og hesta.⁵⁸

⁵⁵ *Tíminn*, 30.12.1954, bls. 8.

⁵⁶ *Nýja dagblaðið*, 22.11.1936, bls. 4.

⁵⁷ Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsila II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísu Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

⁵⁸ *Morgunblaðið*, 20.06.2003, bls. 38.



Mynd 22. Krossamýrarblettur 14, smíðaverkstæði og íbúðarhús Þorkells Einarssonar.⁵⁹

Upp úr 1950 fór að bera á iðnaði á Krossamýrarblettunum og má ætla að það hafi verið fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á Ártúnshöfðanum í dag. Iðnaðarstarfsemin átti ekki alltaf samleið með íbúðarhúsunum sem fyrir voru. Til að mynda var Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) staðsett á Krossamýrarblettum 7 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978 (sjá mynd 23).



Mynd 23. Sorpeyðingarstöðin við Stórhöfða var í notkun frá 1958-1978.⁶⁰

Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og úr honum var búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.⁶¹ Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum

⁵⁹ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Gagnasafn, ljósmynd Sigurlaug Þorkelsdóttir.

⁶⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 029 054 2-2. Ljósmyndari Pétur Thomsen, júlí 1961.

⁶¹ Karen Hulda Kristjánsdóttir: *Ársskýrsla SORPU 2011*, bls. 19. Sjá heimasíðu Sorpu. Sótt 23.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf

óþægindum sökum mengunar, líkt og kemur fram í bréfaskriftum íbúa og bæjarráðs Reykjavíkur frá 1959, þar sem er meðal annars bent á að áburði úr úrgangi hafi verið sturtað fyrir framan lóðir með þeim afleiðingum að drykkjarvatn hafi spillt.⁶² Árekstrar voru einnig við setuliðið í fjarskiptastöðinni *General Receiving Station, Artunshofdi*.⁶³

Árið 1963 var samningum við erfðafestuhafa sagt upp og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð. Undanskilinn var Krossamýrablettur 15 (nú Bíldshöfði 12-14), þar sem Þungavinnuvélar hf. höfðu verið með verkstæðishús, og Krossamýrablettur 7 (nú Breiðhöfði 10), þar sem Byggingariðjan (nú Einingaverksmiðjan) er til húsa. Strengjasteypuverksmiðjubygging Einingaverksmiðjunnar (Breiðhöfði 10, mhl. 01) er eina húsið frá tíð Krossamýrabletta sem stendur enn innan núverandi skipulags.

2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmála-ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁶⁴

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlönd þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

⁶² Borgarskjalasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrablettur 9 (E-nr. 537).

⁶³ Borgarskjalasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrablettur 9 (E-nr. 537).

⁶⁴ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagr þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 3.800 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer fengið úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Ártún 263-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.⁶⁵ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2633**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.⁶⁶

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1930. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

⁶⁵ Minjastofnun Íslands: Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.

⁶⁶ Vefur: Borgarvefsjáin. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

Tafla 1. Aldursflokkun minja.


Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Engar sýnilegar fornleifar eru á svæðinu nema gamla Elliðaárbrúin (232-22). Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunni.

4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á Ártúnshöfða

Í þessum kafla er greint frá minjum á rammaskipulagssvæðinu „Elliðaárvogur við Ártúnshöfða“⁶⁷. Minjar eru skráðar undir jarðirnar Bústaði, Ártún og Árbæ.



Mynd 24. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu.⁶⁸

⁶⁷ Rammaskipulag: Elliðaárvogur – Ártúnshöfði. *Elliðaárvogur við Ártúnshöfða*. Sótt 23.08.2021 af <https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017>

⁶⁸ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir.

Bústaðir 232-7 Veiðihús við Elliðaár

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-7	Neðri veiðihúsin	Veiðihús, geymsla	Heimild	1883-1958	361542	405614	50	20	Ómetið	Já



Mynd 25. Við ósa Elliðaánna í Elliðaárvogi. Húsabyrping fyrir miðju eru neðri veiðihúsin. Fjær sést Geldinganes fyrir miðju og Gufuneshöfði til hægri. Fjallið Esja í fjarska.⁶⁹

Staðhættir: Árið 1853 keypti Ditlev Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, Ártún af Danakonungi, ásamt þeim veiðiréttindum Elliðaáa sem fylgdu jörðinni. Thomsen þurfti að borga töluverða fjárhæð fyrir veiðiréttindin og til að hafa upp í þann kostnað hóf hann að veiða lax af miklum krafti. Tók hann það ráð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir árósunum og setja þar fjórar laxakistur. Með þessum hætti náði Ditlev Thomsen, og síðar sonur hans H.Th.A. Thomsen, miklum afla á land en minna veiddist þá ofar í ánni þar sem aðrir höfðu veiðiréttindi. Upp úr þessu spruttu mikil málaferli og deilur sem stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á korti frá 1869 má sjá hús í árhólmanum niður við ósana. Talið er að þarna hafi fiskgeymsluhús Thomsens staðið. Laxakisturnar voru þar skammt frá og hefur verið hægst að flytja laxinn sjóleiðina með bát til Reykjavíkur. Eftir öll málaferlin í kringum Elliðaánnar bauð Thomsen Reykjavíkurbæ að kaupa sinn hlut í ánni árið 1885 en bæjarstjórnin afpakkadi einum rómi. Árið 1897 seldi Thomsen breskum manni, H.A. Payne, sinn hlut og þá hófst tími stangveiða í Elliðaánnu sem enn stendur. Payne lét byggja veiðihús þar sem fiskgeymsla Thomsens stóð áður og var veiðihúsið mönnum til afnota í nokkra áratugi. Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaánnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni. Með í kaupunum fylgdu veiðihúsin sem Payne hafði byggt.⁷⁰

⁶⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 945. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, um 1905-1920.

⁷⁰ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaánnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.

Húsin fjögur og hlaðinn garður í kringum þrjú þeirra eru teiknuð á kort frá 1924. Syðsta veiðihúsið var flutt að Árbæjarstíflu 1930 og gert að stífluhúsi þar (262-39). Þetta hús hefur H.A.Payne líklega byggt, því það lítur út eins og annað af tveimur veiðihúsum sem stóðu rétt ofan við Vatnsveitubrunna (218-30).

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni. Með í kaupunum fylgdu veiðihúsin sem Payne hafði byggt. Húsin voru brunavirt í maí 1924. „Veiðimannahús hin neðri“ eru þá sögð byggð úr bindingi og klædd utan með borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Eitt húsið (a) mælist 7,6 x 3,2 x 2,5 m að stærð. Í því eru 2 íbúðarherbergi. Við austurhlið þess er áfastur inngönguskúr (b). Annað (c) mælist 4,4 x 3,8 x 2,5 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi. Við það er áfastur inngönguskúr. Þriðja (e), áður kallað íshús, mælist 7 x 4,6 x 2,8 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi og stórt anddyri. Fjórða húsið (f) er eldhús og mælist 4,5 x 4,2 x 2,8 m að stærð. Í því er eldavél. Samkvæmt virðingu frá 1930 stendur þá aðeins eitt húsanna eftir, fyrrum íshúsið (e) (7 x 4,6 x 2,8 m).“ Það hefur staðið fram yfir 1958, því það er á loftmynd frá þeim tíma, en var horfið 1965.

Lýsing: Horfið. Engin ummerki um þessi hús né flóðavarnagarðinn eru nú sjáanleg, enda mikið jarðrask búið að eiga sér stað á svæðinu.

Bústaðir 232-22 Elliðaárbrú eystri

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-22	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1883	361634	405521	10	4	Gott	Nei



Mynd 26. Eystri Elliðaárbrúin eftir að búið var að endurgera hana 1920.⁷¹

Staðhættir: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrennabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkuð ofar í dalnum en sú eystri. Fyrir bragðið kom hlykkur á veginn (237-76) milli brúnna (sjá mynd 9), er þessi vegur er horfinn á þessu úttektarsvæði. Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar en gömlu hlöðnu stólparnir voru samt notaðir áfram, þeir hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfín voru líka steipt og handrið úr járn fest í steipta stólpa (sjá

⁷¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 1641-2. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, 1921-1931.

mynd 26). Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru brýrnar endurnýjaðar. Þá voru brýrnar steyptar að mestu og gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð ný á móts við þá eystri en við það fór hlykkurinn af veginum.⁷² Eystri brúin var auk þess rétt af en gamla og nýja sitja á sama stöpli að austan og gamla brúin er nú notuð sem göngubrú.⁷³

Lýsing: Brúarstöplarnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti, 8-10 raðir, og á milli þeirra hvíldu tveir burðarbitar. Gólfíð lá svo ofan á bitunum og handrið úr tré var fest utan á bitana. Brúin, þ.e. göngubrúin, var endurnýjuð í því formi sem hún er í nú árið 1921.



Mynd 27. Gamla brúin yfir eystri ána endurgerð, horft til suðvesturs.

Bústaðir 232-37 Almenningsvöð

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-37	Almenningsvöð	Vað	Heimild	1800	361518	405520			Ómetið	Já

Staðhættir: Vaðið er merkt inn á kort eftir Sigurð málara frá árinu 1869 og hefur verið þekkt þá. Í örnefnaskrá segir „Almenningsvöð eru neðstu vöðin á ánum [Elliðaánum].“⁷⁴ Til er mynd sem sýnir mann á hesti fara yfir vestari kvíslina sunnan við neðri veiðihúsin sjá mynd 28. Líklegt er að þessi mynd sýni hvar vaðið var.

Lýsing: Vaðið er horfið undir gatnaframkvæmdir.

⁷² Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.

⁷³ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Kleppur (181166-231-2).

⁷⁴ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1).



Mynd 28. Við vestari kvíslina í Elliðaánum. Maður á hesti líklega að fara yfir ána þar sem Almenningsvöð voru um 1880-1910. Í baksýn í fjarska eru bæjarhúsin á Kleppi en nær eru neðri veiðihúsin.⁷⁵

Bústaðir 232-88 Elliðaárbrú vestari

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-88	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1941	361518	405545	10	4	Gott	Nei



Mynd 29. Brúin yfir vestari kvísl Elliðaánna frá 1941 árið 2021, horft í suður.

Staðhættir: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkuð ofar í dalnum en sú eystri (232-23). Fyrir bragðið kom hlykkur á veginn milli brúnna (sjá mynd 9). Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar en gömlu hlöðnu stólparnir voru samt notaðir áfram, hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfín voru líka steipt og handrið úr járni fest á steipta stólpa (sjá mynd 26). Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru


⁷⁵ Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-567. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

brýrnar endurnýjaðar. Þá voru nýjar brýr steiptar og þær gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð neðar í dalnum á móts við þá eystri og við það fór hlykkurinn af veginum.⁷⁶ Eystri brúin var þá rétt af en sú gamla og nýja sitja á sama stöpli að austan en gamli hlutinn er nú notaður sem göngubrú.⁷⁷ Gamla brúin yfir vestari kvíslina er enn í notkun en farið er yfir hana þegar ekið er að veiðihúsi í Árhólmanum.

Lýsing: Brúin var öll steipt upp um 1941, stöplar, burðarbitar og gólf. Handriðið er úr jární með steiptum stöplum á endunum.

Ártún 263-18 Krossamýrarblettur 1, Hvammur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-18	Krossamýrar- blettur, Hvammur	Erfðafestu- byli, íbúðarhús	Heimild	1936-1980	362356	405623	407	145	Ómetið	Já



Mynd 30. Kortið sýnir staðsetningu Krossamýrarblettanna 1-15 á núverandi skipulagi.⁷⁸



Mynd 31. Upplýsingaskilti við Fornalund.

Staðhættir: Krossamýrarblettir voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38. Krossamýrarvegur var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú, frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist hús og var búskapur á mörgum þeirra. Krossamýrarblettur 1 náði yfir svæði þar sem nú eru lóðirnar Bíldshöfði nr. 4-6 og 7, Breiðhöfði 1 og 3 og hluti af Þórðarhöfða 4 vestan við Breiðhöfða, áður Krossamýrarvegur. Meðal fyrstu íbúa blettanna voru Jón P. Dungal og Elísabet Jónsdóttir á Krossamýrarbletti 1. Þau fengu leyfi til að reisa einlyft timburhús, um 60 m², á skikanum árið 1936, sem nefnt var *Hvammur*. Þar voru þau með garðrækt, en auk þess var þar refabú. Á blettinum lögðu þau grunninn að trjálandi þar sem ræktaðar voru sjaldgæfar

⁷⁶ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Ellidaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.

⁷⁷ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Kleppur (181166-231-2).

⁷⁸ Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsila II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísu Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

plöntur, eins og eplatré.⁷⁹ Þau hlutu viðurkenningu Fegrunarfélags Reykjavíkur árið 1954 fyrir garðinn. Hluti af trjálundinum er nú hluti „Fornalundar“, lystigarðs B.M.Vallar að Bíldshöfða 7.⁸⁰ Íbúðarhúsið Hvammur stóð vestan við Fornalund.

Lýsing: Íbúðarhúsið Hvammur var horfið fyrir 1984,⁸¹ en trjálundurinn er eftir. Engin ummerki eru lengur eftir Krossamýrarblettina en áhrifa þeirra gætir í skipulagi, staðsetningu og legu gatna.

Ártún 263-20 Fenton Street Camp - Elliðaárhverfi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-20	Fenton Street Camp Elliðaárhverfi	Herskálahverfi	Heimild	1940-1946	362544	406012			Ómetið	Já



Mynd 32. Elliðaárhverfi við Ártúnsbrekku, áður Fenton Street Camp, í júní 1959.⁸²

Staðhættir: *Fenton Street Camp* var við Ártúnsbrekku þar sem Sævarhöfði 2 er nú (2021). Í fyrstu voru þetta búðir reistar af Breska hernum fyrir stórskotaliðsfylki (Artillery Regiment) sem þó hafði þar einungis aðalstöðvar og þriðjung liðsaflans, samtals um 250 menn. Seinna tók Bandaríkjaher við búðunum og fékk loftvarnabyssuflokkur sem taldi um 150 menn þær til íbúðar. Þegar þeir fluttu annað voru herbúðirnar notaðar um hríð af byggingarsveit hersins og fleiri fámönnum liðsveitum.⁸³ Eftir að setuliðið yfirgaf braggana nýttu íslenskar fjölskyldur sér hluta af kampinum sem fékk þá nafnið *Elliðaárhverfi*.⁸⁴

Lýsing: Horfið.

⁷⁹ *Morgunblaðið*, 1.08.1995, bls. 12.

⁸⁰ *Tíminn*, 30.09.1954, bls. 8.

⁸¹ Loftmynd í LUKR 1984.

⁸² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: HSC 223 61. Ljósmyndari: Hermann Schlenker, júní 1959.

⁸³ Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 27.08.2021. Liðsaflaskýrslur bresku og bandarísku herstjórnarinnar á Íslandi í þjóðskjalasöfnum Breta í London og Bandaríkjamanna í Washington - Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

⁸⁴ Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>
 Leitarorð= Elliðaárhverfi.

Ártún 263-21 Beitarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-21		Beitarhús	Heimild	1900	362405	406062	11	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Þar sem nú (2021) stendur steinsteypt hús á lóðinni Breiðhöfða 11 var áður rúst sem merkt var inn á kort af Krossamýri frá árinu 1933, 1951 og 1957.⁸⁵ Tóftin stóð við grasbala vestan við Krossamýrarblett 8 og sést vel á loftmynd frá 15. júlí 1946.⁸⁶ Rústinni og eldri minjum hefur væntanlega verið rutt í burtu þegar húsið var byggt 1964. Sjá myndir 5 og 6.

Lýsing: Horfið.

Ártún 263-22 Fjarskiptastöð

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-22		Fjarskipta- stöð, herminjar	Heimild	1940-46	362544	406012			Ómetið	Já



Mynd 33. Horft norður yfir Krossamýrarbletti á loftmynd frá 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex fjarskiptamöstur og nokkra bragga við nyrsta mastrið. Auk þess er við norðurendann á Krossamýrarvegi herskálahverfi sem samanstendur af mörgum bröggum. Á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og norðar loðdýrahús, en vestan við loðdýraræktina sjást ummerki um grjó- og sandnám bæjarins. Austan við Krossamýrarveg eru íbúðarhús á Krossamýrarblettum 14 og 15. Neðst á myndinni er Mosfellssveitarvegur.⁸⁷

⁸⁵ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Uppdráttur, Krossamýri, 1: 2000, nóvember 1933, B.Th, eignarkort, EF 441 (26), Uppdráttur Ef441. Reykjavík 1:2000 (26). Mælt í júlí og ágúst 1951. Ólafur Guðmundsson, Pétur Guðmundsson og uppdráttur Reykjavík 1:2000 bl.441 (26). Mælingadeild III-2, 1957.


⁸⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. 15. júlí 1946, loftmynd af Reykjavík. Ljósmyndari óþekktur.

⁸⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir, 6. mars 1946.

Staðhættir: Á tímum hersetunnar var fjarskiptastöð breska flughersins á Ártúnshöfða við Krossamýri á svæði frá Dverghöfða í norður að Eldshöfða. Þar voru áður Krossamýrarblettir 5-12. Stöðin *General Receiving Station, Artunshofdi* tók til starfa í ágúst 1941, eftir að starfsemin var flutt frá Reykjavíkurflugvelli (úr Corbett Camp við Nauthólsvík). Nokkrir tugir manna störfuðu við stöðina, en hún var í nokkrum bröggum og hjá þeim stóðu allmörg grindamöstur og staurar sem héldu uppi vírunum sem mynduðu móttökuloftnet af nokkrum gerðum.⁸⁸ Á loftljósmynd sem tekin var 6. mars 1946 má sjá sex loftskæptamöstur á Krossamýrarblettum nr. 6, 12, 11 og 10, sjá mynd 33.

Braggapyrping var á bletti nr. 7, þar sem nú er lóðin Breiðhöfði 10, og vestan við hann, þar sem nú eru bílastæði á lóðinni Þórðarhöfða 4. Á annarri loftmynd frá sama ári eru möstrin og braggarnir horfin, nema einn braggi við endann á Krossamýrarvegi.⁸⁹

Lýsing: Horfið.



Mynd 34. Staðsetning fjarskiptastöðvar W/T Receiving Station á Ártúnshöfða.⁹⁰

⁸⁸ Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021, Royal Air Force Museum: Air Ministry Drawing No. 2043/43, Iceland, Reykjavik Area, Site Plan W/T Transmitting Station Leynimýri & W/T Receiving Station Bjarnason (Artunshofdi).

⁸⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. Ljósmyndari óþekktur, 15. júlí 1946.

⁹⁰ Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021, skjalasafn Borgarsögusafns.

Ártún 263-33 Krossamýrarblettur 14

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-33	Krossamýrar- blettur 14	Erfðafestu- býli	Heimild	1936-72	362694	405652	11,3	8,6	Ómetið	Já


Staðhættir: Krossamýrarblettur 14 var að stærstum hluta á lóðinni þar sem nú (2021) er Bíldshöfði 9 og Vagnhöfði 1 og 3. Krossamýrarblettir voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38 og var nr. 1 þeirra stærstur.

Krossamýrarvegur var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist hús og búið var á sex blettum og var búskapur á mörgum þeirra. Á Krossamýrarbletti 14 bjuggu Þorkell Einarsson húsasmíðameistari og Alfa R. H. Ásgeirsdóttir í tuttugu ár. Reistu þau þar íbúðarhús, trésmíðaverkstæði og voru með dálítinn búskap, fáeinar kindur, eina til tvær kýr og hesta, sjá mynd 21.⁹¹

Lýsing: Horfið.

Ártún 263-43 Krossamýrarblettir 1-15

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-43	Krossamýrar- blettir	Erfðafestu- land	Heimild	1935-1970	362561	405827			Ómetið	Já



Mynd 35. Teikning af Krossamýrarblettum frá 1957 á nýlegum kortagrundi LUKR.⁹²



Mynd 36. Krossamýrarblettir árið 1946, horft til norðausturs.⁹³

Staðhættir: Krossamýrarblettir voru erfðafestublettir í Krossamýri á Ártúnshöfða. Á landsvæði þar sem nú eru göturnar Breiðhöfði, Bíldshöfði, Dvergshöfði, Vagnhöfði, Hyrjarhöfði, Funahöfði og Stórhöfði. Krossamýrarblettir voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38 og var nr. 1 þeirra stærstur.

⁹¹ Morgunblaðið, 20. júní 2003, bls. 38.

⁹² Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsila II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

⁹³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir, 6. mars 1946.

Krossamýrarvegur (263-51) var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú, frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist íbúðarhús og var búskapur á mörgum þeirra. Teikningar eru til af íbúðarhúsum á Krossamýrarblettum 6, 7, 9, 10, og af bifreiðaskýlum á nr. 15. Erfðafestu var sagt upp 1963 og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð.⁹⁴ Engin ummerki eru lengur eftir blettina en áhrifa þeirra gætir í skipulagi, staðsetningu og legu gatna.

Lýsing: Horfið.

Ártún 263-44 Grjót- og sandnám

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-44	Grjótnám Reykjavíkur	Sand- grjótnám	Heimild, náma	1930	361810	405695			Slæmt	Nei

Staðhættir: Með aukinni þörf á byggingarefni voru opnaðar sand- og malarnámur í landi Ártúns upp úr 1929.⁹⁵ Tekin var mól úr gömlu ísaldaráreyrunum sem voru neðst í Elliðaárdal þar sem nú eru jarðhúsin við Ártúnsbrekkuna og á Ártúnshöfða við Elliðaárvog, sjá mynd 12 og 13. Seinna, eða um 1940, var opnað grjótnám nyrst við Ártúnshöfða eða norðan við Krossagil, en þær námur tóku við af grjótnámunni á Rauðarárholti sem var endanlega lokað 1945. Gömlu grjótmulningsvélarnar voru þá fluttar í námuna við Elliðaárvog auk þess sem nýjar vélar voru fluttar inn frá Ameríku.⁹⁶ Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti. Síðar var grjót einnig flutt á vögnum frá grjótnámi í Selási í grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða.⁹⁷ Í malarnámunni við Elliðaárvog risu síðar Steypustöð og Malbikunarstöð.



Mynd 37. Hluti af ljósmynd frá 6. mars 1946. Horft yfir Elliðaárvog og leirurnar áður en uppfylling á vöginum hófst. Norðan við Krossagil er grjótnámið en sunnan var sandnámið.⁹⁸

Við Ártúnsbrekkuna á vestanverðum Ártúnshöfða, á svæði þar sem nú eru göturnar Sævarhöfði og Malarhöfði, var grjót- og sandnám. Þá var sandnámið á svæði þar sem nú er

⁹⁴ Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði Svæði 1-4. Húsakönnun*, bls. 13.

⁹⁵ *Morgunblaðið*, 23.2.1929, bls. 2.

⁹⁶ *Vísir*, 11.02.1942, bls. 1. *Morgunblaðið*, 8.12.1925, bls. 5. *Lesbók Morgunblaðsins*, 2.12.1945, bls. 599.

⁹⁷ *Vísir*, 11.08.1965, bls. 8.

⁹⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-24. Ljósmyndari, Sigurhans Vignir. 6. mars 1946.

lóðin Malarhöfði 6, 7, og 10. Árið 1996 sameinuðust tvö fyrirtæki í eigu borgarsjóðs, Grjótnám Reykjavíkur og Malbikunarstöð Reykjavíkur, og urðu Malbikunarstöðin Höfði hf. sem er starfrækt við Sævarhöfða 6-10.⁹⁹ Sjá myndir 14-18.



Mynd 38. Landsvæði við Sævarhöfða þar sem áður var sandnám, horft til suðvesturs.



Mynd 39. Gamli námuveggurinn við Sævarhöfða 12, horft til austurs.

Lýsing: Enn má sjá ummerki eftir námuna, bergstálið sem stendur upp af Sævarhöfða 12. Á stórum hluta námasvæðisins eru nú iðnaðarbyggingar, malbikuð bílastæði og vinnslusvæði fyrir mól og sand.

Ártún 263-45 Mosfellssveitarvegur, Ártúnsbrekka


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfinn
263-45	Mosfellssveitarvegur	Vegur	Heimild	1905-	361839	405504			Ómetið	Já

Staðhættir: Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, var þjóðvegur sem lá til austurs upp frá eystri brúnni (232-22) yfir Elliðaárnar, upp Ártúnsbrekku við Ártúnshöfða þar sem nú er vestasti hluti Bildshöfða. „Árið 1905 var hafin vegagerð frá Elliðaám, upp Ártúnsbrekku, og komst vegur það sumar upp á móts við Keldur. Varmá var brúuð árið 1910, en Kaldakvísl 1912, og komst vegur það ár á Leirvogstungumela. Brú á Leirvogsá

⁹⁹ Malbikunarstöðin Höfði hf. heimasíða. Sótt 18. mars 2021 af <https://malbik.is/>

var upphaflega byggð árið 1892, en endurbyggð 1922. Það haust komst vegur í Kollafjörð. Árið 1926 var haldið áfram vegagerð frá Kollafirði og unnið áfram næstu árin.¹⁰⁰ Vegurinn er teiknaður sem vagnavegur, tvöföld lína, á herforingjaráðskort 1909 frá Ártúnsbrekku að Lágafelli.¹⁰¹

Lýsing: Horfinn, en vegstæðið er enn notað á nokkrum stöðum, s.s. þar sem nú er vestasti hluti Bildshöfða, afleggjarar að Laxalóni og Grafarholti og Vesturlandsvegur víða.



Mynd 40. Mosfellssveitarvegur á herforingjaráðskortum 1909, tvöföld lína. Frá Elliðaárbrú að Grafarholti með Hamrafelli og Lágafelli.¹⁰²

Ártún 263-47 Hús við Elliðaárvog

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-47		Hús	Heimild	1930	361810	405695			Ómetið	Já


Staðhættir: Austan við Elliðaárvog stóð líklega íbúðarhús þar sem nú er lóðin Sævarhöfði 2. Ekki er þekkt hvað hús þetta hefur verið.

Lýsing: Horfið.

¹⁰⁰ Jón Guðnason. *Verkmenning íslendinga*. V. Vegamál, bls. 22.

¹⁰¹ Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði. 37 Hengill N.V.

¹⁰² Hluti af tveimur kortum: Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði. 37 Hengill N.V.



Mynd 41. Elliðaárósar 1930. Húsið (263-47) er neðst á myndinni, ofar má sjá gömlu brýrnar (232-22, -23) yfir Elliðaárnar og eitt af veiðihúsum neðri (232-7) við botn Elliðaárvogs.¹⁰³

Ártún 263-49 Sorpeyðingarstöðin

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd M	Ástand	Horfin
263-49	Sorpeyðingarstöðin	Sorp, úrgangur	Heimild	1958-1978	362693	406029			Ómetið	Já

Staðhættir: Sorpeyðingarstöð var þar sem nú er athafnasvæði við Svarthöfða 1. Sjá mynd 23. Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) var staðsett á Krossamýrarblettum 9 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978. Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og úr honum var búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.¹⁰⁴ Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum óþægindum sökum mengunar og lyktar.¹⁰⁵

Lýsing: Horfin.

Árbær 262-46 Gata

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-46		Gata/leið	Heimild	1800	362876	405733			Ómetið	Já

Staðhættir: Frá upphafi byggðar lágu götur á milli bæja. Leifar af þessu vegakerfi má sjá á korti af svæðinu frá árinu 1909 sem svartar einfaldar línur. Upp úr 1880 hófst gerð vagnavega og samhliða því voru Elliðaárnar brúaðar 1883. Gata eða leið lá frá Reiðskarði í


¹⁰³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÁBS LS 33-03. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson.

¹⁰⁴ Karen Hulda Kristjánsdóttir: Ársskýrsla SORPU 2011, bls. 19. Sótt af heimasíðu Sorpu 25.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf

¹⁰⁵ Borgarskjallasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrarblettur 9 (E-nr. 537).

norðaustur að gamla Suðurlandsveginum/Austurveginum (263-42), þar sem nú er Seiðakvísl 30, til norðausturs að Mosfellssveitarvegi (263-45), sunnan við Krossamýrarbletti og þaðan í austur fyrir botn Grafarvogs að Keldum.¹⁰⁶ Hægt er að greina þessa gömlu leið á loftljósmynd frá árinu 1945.¹⁰⁷

Lýsing: Horfin á þessu skipulagssvæði en sést við botn Grafarvogs.



Mynd 42. Kort frá 1909. Frá upphafi byggðar lágu slóðar á milli bæja, merktir sem svartar, einfaldar línur á kortið en um 1880 hófst gerð vagnavega, sem eru merktir með tvöföldum línum. Frá Elliðaánum í austur voru tveir vagnavegir, Mosfellssveitarvegur og Suðurlandsvegur.¹⁰⁸

Ártún 262-48 Trönur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfnar
262-47		Trönur	Heimild	1950	362823	405782			Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Krossamýrarblett voru trönur þar sem nú eru lóðir sem tilheyra Hamarshöfða, Smiðshöfða, Dverghöfða og Vagnhöfða. Ekki er ljóst hvaða fyrirtæki þurrkaði fisk á þessum stað.

Lýsing: Horfið, sést á loftmyndum af svæðinu frá árinu 1954 og 1965.

Árbær 262-50 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfinn
262-50		Vegur	Vegur, heimild	1950-1980	362920	406050			Slæmt	Að mestu

Staðhættir: Vegur lá frá Mosfellssveitarvegi neðst við Ártúnsbrekkuna til norðurs yfir sandnámið yfir í Ytriurð við Grafarvog og er greinilegur á loftmyndum frá 1954.¹⁰⁹

¹⁰⁶ Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

¹⁰⁷ Landmælingar Íslands: Loftmynd AMS 1000721011-1945.

¹⁰⁸ Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

¹⁰⁹ Borgarvefsjá: Loftmyndir 1954 og 1965.

Vegurinn er að mestu horfinn undir gatna- og gangstígagerð í landi Ártúns (263-50) en hluti af honum er enn greinilegur í Ytriurð neðan við Stórhöfða 15.

Lýsing: Það sem eftir er af veginum er lúpínuvaxið en vel greinilegt.



Mynd 43. Gangstígur kominn í gamla vegstæðið sem er vel greinilegt fjær, lúpínuvaxið, fyrir neðan Stórhöfða 15. Strandlínan var áður þar sem vegurinn liggur núna. Horft til austurs.



Mynd 44. Vegurinn (263-50), lúpínuvaxinn, horft til vesturs eftir Ytriurð.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Ártúnshöfði hefur orðið fyrir miklum breytingum frá fyrri tíð vegna sand- og grjótnáms, byggingarframkvæmda, gatnagerðar og landfyllinga.

Á skráningarsvæðinu eru skráðar 16 fornleifar og yngri minjar, flestar eftir heimildum. Einar fornleifar eru þó sjáanlegar, gömul brú yfir Elliðaár, og eru það merkar samgönguminjar sem hafa hátt minjagildi. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti eða heimildum.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

Tafla 2 Aldursflokkun og fjöldi skráðra minja á skráningarsvæðinu.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Skráðar minjar
1	Fornleifar 100 ára og eldri	● Rauður	6
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	1
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	7
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	2

Fornleifar á skráningarsvæðinu

Friðaðar fornleifar 100 ára og eldri eru sex talsins og af þeim eru einar sjáanlegar, brú yfir Elliðaár (232-22), merkar samgönguminjar. Fimm eru taldaðar horfnar eða mjög laskaðar, beitarhús (263-21), gata/leið (262-46), gamla Ártúnshöfðan/Mosfellssveitarvegur (263-45), Almenningsvöð (232-37), veiðihúsin neðri (232-7). Einn minjastaður er í gulum flokki, horfið hús (263-47).

Yngri minjar á skráningarsvæðinu

Sjö yngri minjar eru í grænum flokki, allar skráðar eftir heimildum. Helst er að nefna erfðafestubýlin á Krossamýrarblettum við Krossamýrarveg þar sem nú er Breiðhöfði. Sand- og grjótnám hefur sett mark sitt á svæðið og enn má greina ummerki eftir það, bergstál við Sævarhöfða 12.

Herminjar

Allar herminjar er horfnar af svæðinu. Á Ártúnshöfða var fjarskiptastöð nefnd *General Receiving Station, Artunshofdi* (263-22). Þar voru tvær braggapýrpingar og nokkur loftskýtamöstur. Annað herskálahverfi var austan við Elliðaárnar, *Fenton Street Camp*, sem síðar var nefnt Elliðaárhverfi eftir að Íslendingar tóku sér þar bólfestu þegar húsnaðisskorturinn var sem mestur.

Menningarmerkingar, tillögur

Á svæðinu eru nokkrir staðir sem eru tilvaldir fyrir menningarmerkingar, þar sem hægt er að rekja þróunarsögu svæðisins:

- Við gömlu Elliðaárbrúna, Elliðaárbrýrnar eru einstakar minjar um samgöngur og brúargerð. Þar mætti kynna þróun samgangna.
- Við Geirsnef, þar sem neðri veiðihúsin stóðu, mætti fjalla um veiðar í Elliðaám fram til þessa.



- Nálægt Bildshöfða eða við Fornahvamm mætti segja frá því þegar Krossamýrablettir byggðust upp, en það er hluti af sögu byggðarþróunar í Reykjavík.
- Við Sævarhöfða mætti segja frá sand- og grjótnámi á svæðinu.
- Nálægt Sævarhöfða 2 væri hægt að kynna sögu setuliðsins á svæðinu.

5. Heimildir

Óprentaðar / óútgefnar heimildir / skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdráttir.

Skjalasafn um fornleifar.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskonun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Landmælingar Íslands:

Loftmyndasafn:

Kortasafn.

Landsbókasafn Íslands:

Íslandskort.

Minjastofnun Íslands:

Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Sótt 30.08.2021 af

http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019: Sótt 30.08.2021 af

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b>

Reykjavíkurborg:

Rammaskipulag: Elliðaárvogur – Ártúnshöfði. *Elliðaárvogur við Ártúnshöfða*. Sótt 23.08.2021 af <https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017>

Ártúnshöfði – uppbygging hverfis. Sótt 23.08.2021 af

<https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/artunshofdi-uppbygging-hverfis>

Stofnun Árna Magnússonar:

Örnefnasafn. Vefslóð: <https://sarpur.is/>

Þjóðminjasafn Íslands:

Ljósmyndir úr safneign.

Prentaðar / útgefnar heimildir

Anna Lís Guðmundsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir: *Rammaskipulag Elliðaársvogs, fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2006.

Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði Svæði 1-4. Húsakönnun*, skýrsla 211, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur*. Land og saga.

Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.

Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, Ritstj. Guðmundur Danielsson. Reykjavík 1968.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, Þjafi 2005.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, *Lykilbók*. Reykjavík 1989.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. JPV útgáfa 2000.

Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*. Kristín Ástgeirsdóttir sá um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1978.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, I.–XV. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857–1950.

Jakob Benediktsson: *Íslendingabók – Landnámabók*. Íslenzk fornrit I.

Jón Guðnason. (1975). *Verkmennning íslendinga*. V. Vegamál. Bóksala stúdenta. Reykjavík.

Lesbók Morgunblaðsins, 2.12.1945.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Morgunblaðið, 8.12.1925, 23.2.1929, 1.08.1995, 20.06.2003.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi. Örn og Örlygur. Reykjavík 1987.

Nýja dagblaðið, nóvember 1936, 7. desember 1933.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2016, skýrslur Borgarsögusafns 2017.

Tíminn, 30.09.1954.

Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit

Vísir, 11.02.1942, 11.08.1965.

Þjóðólfur, 28.04.1871.

Þjóðviljinn: 28.03.1958.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*. Vaka Helgafell 2002.

Rafrænar heimildir / vefsíður / gagnagrunnar

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Karen Hulda Kristjánsdóttir: Ársskýrsla SORPU 2011, bls. 19. Sótt af heimasíðu Sorpu 25.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf

Malbikunarstöðin Höfði hf. heimasíða. Sótt 18. mars 2021 af <https://malbik.is/>

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/> → Söfn: Skipulagsuppdættir. Aðaluppdættir.

Vefur alþingis: <http://www.althingi.is/>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur

Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>


Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Vefur Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu / Skúlagata – Frakkastígur. Sótt í sept. 2020.

Viðauki 1

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-7	Neðri veiðihúsin	Geymsla, veiðihús	Heimild	1853- 1950	361542	405614	50	20	Ómetið	Já
232-22	Ellidaárbrú	Brú	Brú	1883	361634	405521	10	4	Gott	Nei
232-37	Almenningsvöð	Vað	Heimild	1000- 1883	361500	405573			Ómetið	Já
232-88	Ellidaárbrú vestari	Brú	Brú	1940	361518	405545	27	8,8	Gott	Nei
263-18	Krossamýrarblettur 1, Hvammur	Íbúðarhús, erfðafestubýli	Heimild	1936- 1980	362356	405623	407	145	Ómetið	Já
263-20	Fenton Street Camp	Herminjar, braggi	Heimild	1940	361727	405594	150	100	Ómetið	Já
263-21		Útihús	Heimild	1900	362405	406062	11	5	Ómetið	Já
263-22	Fjarskiptastöð á Ártúnsholti	Fjarskipti	Heimild	1940- 1946	362544	406012	44	27	Ómetið	Já
263-33	Krossamýrarblettur 14	Íbúðarhús, erfðafestubýli	Heimild	1936- 1972	362694	405652	11,3	8,6	Ómetið	Já
263-43	Krossamýrarblettir 1- 15	Erfðafestuland	Heimild	1935- 1970	362561	405827			Ómetið	Já
263-44	Grjótnám Reykjavíkur	Sandnáma, grjótvinnsla	Náma	1930	361810	405695			Slæmt	Nei
263-45	Mosfellssveitarvegur- Vesturlandsvegur	Vegur	Heimild	1883	361839	405504			Ómetið	Já
263-47		Hús	Heimild	1930	361810	405695	5	4	Ómetið	Já
263-49	Sorpeyðingarstöð	Sorp, meðferð	Heimild	1958- 1978	362693	406029	60	23	Ómetið	Já
262-46		Gata	Heimild	1800	362876	405733			Ómetið	Já
262-48		Trönur	Heimild	1950	362823	405782	170	91	Ómetið	Já
262-50		Vegur	Heimild	1950- 1980	362920	406050			Slæmt	Að mestu



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðhólts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellidaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Amundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellidaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa K. Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.